**Nd.** **527. Breytingartillaga** [216. mál]

við frv. til l. um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

Jarðanefnd getur einnig undanþegið samtök launþega og samtök vinnuveitenda byggingarskyldu á jörð, ef jörðin er vel fallin til almenns útilífs og orlofshús félaganna eru þar starfrækt. Leiti jarðanefnd undanþágu frá byggingarskyldu skv. þessari mgr. skal fasteignaskattur greiddur af viðkomandi jörð svo sem hann er skilgreindur í lögum um tekjustofna sveitarfélaga.